



Velkomin með nýfædda barnið í myndatöku.

Nokkur atriði sem gott er að hafa í huga.

- Myndatakan fer fram í ljósmyndastúdíói Agnesar Skúla að Tryggvabraut 22 á efstu hæð til hægri þegar komið er upp stigann.
- Myndatakan tekur 2-4 klst. og góður tími fer í brjósta- og/eða pelagjöf, knús og notalegheit.
- Ekki þarf að breyta neinu varðandi brjósta- eða pelagjöf barnsins áður en það kemur í myndatökuna.
- Gott er hafa barnið í fötum sem auðvelt er að klæða það úr.
- Í stúdíóinu er allt sem þarf til að mynda ungbarnið, teppi, vafningar, hárbönd, húfur, körfur og kassar. Ekki er æskilegt að koma með eigin fylgihluti nema um það sé samið sérstaklega. Kíkið á instagram síðu Agnesar Skúla til að sjá þá liti sem eru í boði fyrir myndatökuna. Ef engar óskir berast um litatóna frá foreldrum/forráðamönnum mun Agnes sjá um að velja liti. Agnes Skúla sér um að stíliseri myndatökuna.
<https://www.instagram.com/agnesskulaphotography/>
- Hafið í huga að ungbörn eru ekki öll eins og er myndatakan miðuð við hvert og eitt barn, ekki vilja öll börn fara í allar stöður (pósur).
- Í stúdíóinu er boðið upp á vatn, sódavatn og kaffi.
- Ef óskað er eftir að mynda systkini og/eða fjölskyldu með ungbarninu má reikna með u.þ.b. 30 mínútum í viðbót fyrir myndatökuna. Best er að systkini/fjölskylda klæðist einlitum fötum fyrir myndatökuna, helst ljósum litum og ekki með myndum eða stöfum framan á. Best er að systkinin séu sótt eftir að búið er að mynda ungbarnið.
- Athugið að ekki er æskilegt að fleiri en foreldrar séu viðstaddir myndatökuna.
- Best er að foreldrar haldi sig til hlés en séu tilbúnir að aðstoða ef óskað er eftir því.
- Vinsamlegast kynnið ykkur [verðskrá](#) og [skilmála](#) áður en myndatakan fer fram.

Bestu kveðjur,
hlakka til að sjá ykkur,
Agnes